

Stýrihópur um mótun stefnu í málefnum heimilislausra 2019-2025.

22.5.2019

**Erindi:** Umsögn í formi tilsagnar við drögum um mótun stefnu stýrihóps á þjónustu við heimilislausra 2019-2025.

Mikið er gaman að sjá allan þann nýja orðaforða sem formaður stýrihópsins hefur tekið upp í vetur og er orðalag sem Kærleikssamtökin hafa lagt út. Þar sem þetta rit hér er umsögn í formi tilsagnar þá eru lagðar hér fram leiðréttingar á því sem haldið er fram í *drögum um stefnu á málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir 2019-2025*.

Til að mynda hefur heimilislausum fjölgað enn meira frá rannsókninni sem var gerð árið 2017, sem ekki er minnst á, og lítil breyting hefur orðið á framkomu starfsfólks í garð þeirra einstaklinga sem eru fastir í vítahring fátæktar, heimilisleysis, geðræns vanda og neyslu – vegna þess að þjónusta Reykjavíkurborgar nær ekki einu sinni að uppfylla lágmarkskröfur stjórnarskrárinnar, fjölþjóðlegra mannréttindareglna og reglna stjórnsýsluréttarins.

Nauðsyn þessa rits og tilsagnar er fyrst og fremst alvarleg staða í borgarstjórn undanfarin ár, stefnumótun, hindrunarmiðaðar aðgerðaráætlanir og reglur sem og aðgerðarleysi sem hafa valdið auknu heimilisleysi. Einnig alvarleg staða heimilislausra og fátækt sem er tilkomin bæði vegna sveitarfélaga og ríkis. Þar sem hvorugir vilja bera ábyrgð á verklagi og aðferðafræði sem viðgengst í pólitík og lagalega séð þurfa þess heldur ekki, þá er nauðsynlegt að halda ákveðnum staðreyndum á lofti og setja hér fram. Þessi umsögn er því tilsögn í formi gagnrýnandi kennslu.

Kennslan byggir á meiri og dýpri þekkingu og þá skilningi á pólitík sem nútíma þrælahaldi. Það að sjá sem aðrir sjá ekki er oft mjög athyglisvert og gefur manni það forskot til að vita m.a. jafnóðum og fyrirfram hvað aðrir ætla sér að gera. Kennslan byggir líka á þrenns konar nálgun:

Gerandi – Fórnarlamb, Hindrun – Lausnir, Efnislegt – Andlegt

Gerandi = hindranir = efnislegt

Fórnarlamb = lausnir = andlegt

### **BERÐ ÞÚ ÁBYRGÐ?**

Ert þú gerandi eða ert þú fórnarlamb?

Hindrar þú mál eða leysir þú mál?

Ert þú efnislega eða andleg tengd/-ur?

Sama hvort einstaklingar í pólitík eru gerendur, fórnarlamb, hindra eða leysa mál eða eru efnislega eða andlega tengdir – þá er aðferðafræði og verklag í pólitík byggt á þrælalaldi. Í dag er það nútíma þrælalald sem búið er að net- og tölvuvæða, t.d. starfsgetumat. Hversu auðvelt það er að láta tilbúið forrit í tölvunni sjá um að meta starfsgetu hjá lifandi manneskju sem gengið hefur í gegnum áföll og þarfnast hvað mest mannlegra tengsla til að ná að vinna úr þeim. Hversu auðvelt það er að ráða sífellt fleira starfsfólk til að sitja við tölvu í stað þess að aðstoða lifandi manneskjur sem eru einmanna, með áfallasögu, sorgmæddir, reiðir og þar af leiðandi með ýmsan heilsufarsvanda. Hversu auðvelt það er að koma fram með tilbúin áform um þjónustu – sem getur aldrei orðið að veruleika á meðan gerendur ráða og hindra þannig mál með efnislegum aðferðum og aðgerðum. Þar liggur mesti vandinn.

Sama hvort einstaklingar eru heimilislausir, öryrkjar, með fiknar- eða geðrænan vanda, hafa lent í veikindum eða slysum eða einfaldlega ofgert sér við að rembast við að lifa í fátækt og þrælað sér þess vegna út – þá er það aðferðafræðin og verklagið í pólitík sem heldur þeim í þrælalaldi. Það að einstaklingur með áfallasögu og afskiptaleysi í uppeldi t.d. vegna ofbeldis á heimili eða hegðunarvanda hvers kyns - sé látinn í þá stöðu að eiga að rétta sig af á meðan viðkomandi verður fyrir stöðugum áföllum vegna kerfisvanda (pólítískum aðferðum sem byggja á þrælalaldi) – er svo galið og segir í raun allt sem segja þarf. Það þarf í raun ekki að lesa stefnu stýrihópsins né nokkuð annað sem kemur í gegnum pólitík því það er efnislega hindrunarmiðað. Þetta þýðir ekki að allir í pólitík séu efnislega hindrunarmiðaðir – en augljóslega þá eru það þeir sem ráða og taka ábyrgðarlausar ákvarðanir er snerta líf fólks í þjóðfélaginu.

Svo stóra spurningin er **HVAÐA ÁBYRGÐ BERÐ ÞÚ?**

Ert þú gerandi eða ert þú fórnarlamb?

Hindrar þú mál eða leysir þú mál?

Ert þú efnislega eða andleg tengd/-ur?

Í vetur lögðu Kærleikssamtökin fram heildarlausnir sínar – vitandi að margir hafa hlegið að þeim og aðrir eru ekki að skilja þær. Til að útskýra muninn á þessum lausnum og pólítískum hindrunarmiðaðum aðferðum og aðgerðum þá komum við aftur að því hversu áberandi það hefur verið að formaður stýrihópsins hefur byrjað að notast við orðalag sem gerir henni kleift að láta sínar hindrunarmiðaðu aðferðir og aðgerðir líta út fyrir að vera lausnarmiðaðar. Villandi orðalag bendir til þess s.s.:

- Orðatiltækinu utangarðs breytt í með miklar og flóknar þjónustubarfir.
- Við viljum að allir komist í hús er – ekki – við ætlum að koma öllum í hús.
- Á fundi sem Kærleikssamtökn báðu um í byrjun vetrar var formanni velferðarráðs bent á sitt eigið orðalag í fjölmiðlum þann 10.8.2018 Allir verði í húsi í vetur. Að þarna fékk fólk von og sá fyrir sér að það yrði komið í hús fyrir veturinn. Formaðurinn sagðist ekki vita hvort hún ætti að taka þessu sem hótun.
- Með því að nota ekki eingöngu orðið heimilislausir þá er verið að halda umræðunni og allri stefnumótun, aðgerðum og verklagi á tilteknum og afmörkuðum hóp svo það sé áfram hægt að tala um 349 heimilislauða einstaklinga.
- Að leiðarljósið sé m.a. að draga úr fordómum. Fordómar hjá starfsfólki VOR-teymisins, einhverjum ráðgjöfum, stjórnendum, forstöðumönnum og yfirmönnum er upp til hópa hlaðið fordómum sem kemur fram með niðrandi tali, valdbeytingu, hótunum og kúgunum. Hér er talað um það sem einstaklingar sjálfir hafa sagt frá. Þeir geta ekki sagt öðru starfsfólki frá þessu ofbeldi því þeim er ekki trúað.

- Framtíðarsýnin skín svo skært að það er varla hægt að lesa orðin fyrir birtunni í þeim!
- Meginstoðir stefnunnar:
  - Housing first er greinilega ekki fyrir alla.
  - Virk þátttaka þeirra sem þjónustan snýr að = krafa um virkni til að fá þjónustu sem ber að veita skv. lögum = röng aðferðarfræði.
  - Óánægja starfsfólks VOR-teymisins skýrir kannski neikvæða hegðun þeirra í heimsóknnum þeirra í Víðinesíð.
  - Samvinna við frjáls félagasamtök hlýtur að þýða að Kærleikssamtökunum verði boðið að borðinu hvenær sem er þar þau eru með varanlegar lausnir fyrir einstaklinga sem dvelja og búa í geymsluheimilum borgarinnar, sem búa í bílakjöllurum, ruslakompum, bílum, tjöldum, húsbílum og hjólhýsum, fyrir tjaldsvæðið í Laugardal, Gistiskýlið, gámana út á Granda, komandi smáhýsin, dagskýli eða hvað annað sem dottið verður í hug að setja á laggirnar.
  - Vöktun á aðstæðum þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda – hljómar eins og að friðhelgi einkalífs sé ekki virt og að starfsfólk Reykjavíkurbogar ákveði hver þurfi á þjónustunni að halda.
- Varðandi stýrihópin:
  - Það er rangt með farið að hagsmunahópar hafi fengið tækifæri á fundinum 10.8.2018 til að koma á framfæri athugasemdum um tilvonandi stefnu – þar sem það var ekki fyrr en í febrúar þessa árs sem við fengum klukkustundar kynningu á stefnunni og þar sem líka fóru fram umræður. Núna erum við að fá fyrst að lesa hana, ekki nema að útvaldið hafi fengið hana fyrr, og höfum 13 daga til að koma með athugasemdir í formi umsagnar.  
Heiða Björg sagði þann 10.8.2018 í fjölmiðlum “*hina nýju stefnumótun í góðum farvegi. Mér finnst þetta góð byrjun. Við leitum eftir skoðunum og þekkingu þeirra sem eru að vinna í þessum málum og ætlum að vinna hratt og vel í samráði við þessa aðila*“. Kærleikssamtökin hafa ekki orðið þess var.
  - Varðandi þetta orðalag “með miklar og flóknar þjónustuþarfir” þá er verið að halda uppi sama hætti og var gert með orðalaginu “utangarðs” – sem er að einangra ákveðin hóp einstaklinga með mikinn aukavanda sem stafar af langvarandi heimilisleysi vegna vanrækslu borgarinnar.
  - Verklagið á fundinum 20.2.2019, var að bjóða stórum hóp á klukkustundar kynningu með umræðum á staðnum á stefnunni – sem tryggir lágmarksaðkomu svokallaðra hagsmunaaðila. Ekki allir komust að til að tala og hvað þá að ná að segja allt sem þeir hefðu viljað og þurft að segja. Að auki var varla hægt að spyrja neins til að geta háttað athugasemdum út frá nægilega miklum upplýsingum um stefnuna frá stýrihópnum.  
Annar þáttur er orðatiltakið “athugasemdir”. Það að vinna í samráði og samstarfi við einhvern byggist ekki á því að annar aðilinn móti allt verklagið, fái svo athugasemdir hjá hinum aðilanum og geri við þær hvað honum lystir. Þetta er týpískt pólitískt verklag sem tryggir þrælaformið.  
Í október 2018 lögðu 10 félagasamtök fram beiðni um fund með stýrihópnum því við vildum vera upplýst og vera með í raunverulegu samstarfi þar sem allir koma raunverulega að borðinu með sitt framlag í formi þekkingar, reynslu og áralöngu starfi með notendum – en ekki bara athugasemdum.
  - Sérfræðingarnir sem stýrihópurinn ræddi við starfa flestir í pólitík. Það að segja að borgarfulltrúar þurfi á þeirra sérfræðiþekkingu að halda því þau geta ekki unnið stefnuna sjálf – en gefa svo þeim sem raunverulega vinna með notendum eingöngu færi á að leggja fram athugasemdir – er annað týpískt pólitískt verklag sem tryggir þrælaformið.

- Þar sem stýrihópurinn heimsótti Gistiskýlið, Víðinesið og Draumasetri – síðan í október 2018 – vel kunnugt um þær ömurlegu aðstæður í Gistiskýlinu og Víðinesi. Þar með hefði formaður stýrihópsins og sem formaður velferðarráðs átt að bregðast fljótt við beiðni Kærleikssamtakanna um neyðarfund 20.12.2018 vegna alvarlegs ástands í Víðinesi og á tjaldsvæðinu í Laugardal. Hvorugur ráðherranna, né formaður stýrihópsinsins og velferðarráðsins, né framkvæmdastjóri ÞVMH, né sviðstjóri ÍTR og engin borgarfulltrú sinni beiðninni um neyðarfund. Einungis sviðstjóri velferðarsviðs brást við með því að framkvæma rannsókn eftir hádegi á fimmtudegi og komast að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á neyðarfund. Engin rannsóknarskýrsla var gerð.
- Varðandi skilgreiningar:
  - Þar segir “*Stefna Reykjavíkurborgar nær til þeirra hópa sem búa á götunni eða í opinberu rými/aðstæðum, eru húsnæðislausir og þurfa að nýta neyðarskýli og/eða eru að ljúka stofnanavist innan þriggja mánaða (meðferðarheimili, stofnanavist), þ.e. heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir”*. Það er sem sagt engin heimilislaus einstaklingur sem býr á sófanum hjá einhverjum sem gæti verið með miklar og flóknar þjónustuparfir? Það er sem sagt engin heimilislaus einstaklingur sem býr í tjaldi, bílnum sínum eða mögulega öðrum stað sem gæti verið með miklar og flóknar þjónustuparfir?

Í vetur hafa Kærleikssamtökin og einstaklingar lagt hart að starfsmönnum velferðarkerfisins, ÍTR, heilbrigðiseftirlitinu, stýrihópnum og ráðuneytum – með ákveðnum og markvissum aðferðum. Viðbrögðin við því tala sínu máli og sanna það sem hér að ofan er búið að segja. Svo vandamálið liggur hvað mest í pólitík. Pólítískar ákvarðanir eru því gerendahegðun = efnislegar hindranir í málefnum hópa og málum einstaklinga. Þær eru því aldrei lausn við vanda heldur afmynda raunverulega stöðu mála til að engin innan kerfisins þurfi að bera ábyrgð og þær standast ekki mannréttindalög. Einstaklingar sem starfa í pólitík en eru fórnarlömb verða fyrir sömu ómerkilegu framkomunni og þeir einstaklingar sem neyðast til að sækja sér þjónustu kerfisins. Þetta er önnur sönnun á pólítískum aðferðum og aðgerðum = efnislegum hindrunum.

Við erum því með áhrif frá gerendum – fórnarlömbum – heildarlausnum Kærleikssamtakanna. Hver er munurinn?

Gerendur beita valdi, kúgun, ofbeldi til að fá sínu fram.

Fórnarlömb láta undan, eru meðvirk og ná ekki að spyrna við að eru sífellt að spyrna við valdbeytingu, kúgun og ofbeldi.

Heildarlausnir Kærleikssamtakanna byggja á samstarfi sem felur það í sér að leyta og nota kærleiksrika hugsun, nálgun, aðferðir og aðgerðir. Þess vegna þarf ekki reglur, reglugerðir og lög til að framfylgja þessum lausnum – heldur samstarf sem byggir á mannréttindum.

Gerendahegðun pólítíska meirihlutans síðustu 12 ár hefur valdið því aukna heimilisleysi á Íslandi sem við stöndum frammi fyrir. Hver er lausnin? Skýr skilaboð þeirra voru í fyrra sumar um að halda í þá aðferðarfræði sem hafði verið notuð árin á undan. Hún hafði víst skilað svo miklum árangri. En til hvers þurfti þá að leggja í þá vinnu sem stýrihópurinn hefur unnið í vetur. Ef þær aðferðir og aðgerðir sem notaðar voru árin 2014-2018 skiluðu árangri – sem hlýtur að byggja á minnkandi heimilisleysi – hvernig gat þá heimilisleysi aukist um helming? Af hverju þurfti þá umboðsmaður Alþingis að hefja frumkvæðisathugun og koma með álit fullt af tilmælum til betrunar á reglum sveitarfélaga sem sérstaklega var beint að Reykjavíkurborg?

Þessi stefna er þrælastefna.

Heildarlausnir Kærleikssamtakanna byggja því á lausnum á þrælahaldi. Þannig eru samtökin ekki að sækjast eftir peningum eða að komast til valda með því að sjá um eða koma að þjónustu með einhverjum hætti. Þjónustan sem verið er að auka með þessari stefnumótun – þar sem heimilisleysi hefur aukist svo mikið og þar með vandi einstaklinga sem þarf að mæta með aukinni þjónustu – er blekkingin og grunnurinn í þrælahaldinu.

Hið rétta er að vandi kerfisins hefur aukist því núna þarf að útvega margfalt fleiri bráðabirgða lausnir og síðan að vinna að varanlegum lausnum fyrir líka margfalt fleiri. Að halda því fram að þetta kalli á meiri þjónustu, fleiri rannsóknir eða aukið starfsfólk og fjármagn – er því rangt.

Ef reglur sveitarfélaga hefðu uppfyllt lagaleg skilyrði eins og tilmæli umboðsmanns Alþingis segja til um – þá værum við ekki með þennan aukna vanda kerfisins (sveitarfélaga). Ef þjónustan hefði staðist lög árin áður en heimilisleysi jókst um helming þá hefði það ekki gerst. Svo heimilisleysi jókst um helming af því reglur sveitarfélaga stóðust ekki lög og þess vegna þurfti fólk að kvarta til umboðsmanns Alþingis og hann að vinna frumkvæðisathugun sína. Þess vegna þurfti Kærleikssamtökin að skipta sér af málefnum heimilisláusra og koma með lausnir.

Það er hægt að hlæja að þessu viðhorfi en þá bætist við skilningsleysið á lausnum samtakanna. Ástæðan fyrir því að samtökin sækjast ekki eftir peningum kerfisins eða að komast til valda með því að sjá um eða koma að þjónustu með einhverjum hætti – er að þá væru lausnir þeirra byggðar á sama grunni og kerfisins. Þess vegna aðstoða Kærleikssamtökin einstaklinga en þjónusta þá ekki. Þjónusta kerfisins byggir á því að fólk þarfnast þjónustunnar – og – til að tryggja slíkt þá eru búnaðar til aðstæður (s.s. aukið heimilisleysi) til að fólk **neyðist** til að þarfnast þjónustunnar. Þessi skýring sýnir fram á misnotkun á hugtakinu “að neyðast til” sem formaður stýrihópsins hefur tekið upp eftir Kærleikssamtökunum.

### **Yfirmarkmið A)**

Munurinn liggur í því sem sagt er með þessu hugtaki “að neyðast til”.

Kærleikssamtökin nota hugtakið til að lýsa því að fólk er að neyðast til að búa í húsnæðum borgarinnar sem eru geymslur fyrir fólk og aðrir neyðast til að dvelja á tjaldsvæðum.

Formaður stýrihópsins notar hugtakið í stefnunni til að lýsa yfirmarkmiði A) á aukinni þjónustu kerfisins, “að engin neyðist til að sofa úti”.

Til þess að það sé grundvöllur fyrir þjónustunni þá verður fólk að neyðast til að sofa úti. Svo að auka þjónustuna með því markmiði “að engin neyðist til að sofa úti” er blekking. Með þessu móti er ekki tekið á vandanum – sem er húsnæðisskortur. Þjónusta velferðarkerfisins eykur ekki framboð á húsnæði, svo sama hversu margir eru ráðnir til að þjónusta heimilisláusa – þá leysir það ekki húsnæðisvanda Reykjavíkurborgar. Heimilisláusir einstaklingar vilja og þurfa húsnæði – en ekki þjónustu sem ákveður hvað þeim er fyrir bestu.

Mun samráðshópurinn tryggja þeim sem þurfa að gista innanhús og fá ekki inn í Gistiskýlið, næsturgistingu áður en þau fara heim klukkan fjögur?

Fylgiskjöl:

Víðinesi – Mannasaur á gólfdukkum: <https://www.dv.is/frettir/innlent/2019/5/11/thetta-er-eins-og-geymsla-sem-enginn-nennir-ad-taka-til/>

Virðingarfyllst,

Kærleikssamtökin – Engihjalla 25 – 200 Kópavogur – [kls@kaerleikssamtokin.is](mailto:kls@kaerleikssamtokin.is)

F.h.:

Sigurlaug G. Ingólfssdóttir

Júlíus Þórðarsson

Garðar S. Ottesen